

Aðalstjórn Völsungs

Dagsetning: 1.2.2024

Vallarhús

kl. 16:45

Mætt: Gunnólfur Sveinsson, Erla Bjarnadóttir, Sigvaldi Þór Einarsson, Lilja Friðriksdóttir, Jóna Björg Pálmadóttir, Ingvar Björn Guðlaugsson (fjarfundi) og Jónas Halldór Friðriksson framkvæmdastjóri.

1. Formaður aðalstjórnar

Haldið er áfram með umræður um formann aðalstjórnar.

Umræðum verður haldið áfram á næsta fundi.

2. Erindi frá knattspyrnudeild

Á síðasta fundi aðalstjórnar var erindi frá knattspyrnudeild frestað. Málið er því tekið aftur upp.

Aðalstjórn tekur jákvætt í erindið en vill kynna sér málið aðeins betur en sótt er um leyfið. Það verði settar skýrar reglur um framkvæmdina og sé bundið við viðburði.

3. Fundur með fjölskylduráði

Umræður um hvort aðalstjórn ætti að bjóða Fjölskylduráði til umræðu fundar þar sem hægt væri að ræða hin ýmsu mál er snerta íþróttastarf á Húsavík.

Aðalstjórn mun boða fjölskylduráð á fundi í vallarhúsinu. Umræðupunktur gætu verið:

- Stefna í íþróttá- og æskulýðsmálum
- Breyttar forsendur á rekstri meðal annars vegna lottó og tjaldsvæðis
- Nýframkvæmdir og viðhald
- Afreks- og viðurkenningarsjóður
- 100 ára afmæli

4. Ársþing HSB 2024

Fyrri þingboð á ársþing HSB hefur borist. Þingið verður 10. mars næstkomandi af Eflingu og á Völsungur rétt á 9 fulltrúum á þinginu.

Lagt fram.

5. Mærudagar 2024

Völsungi barst erindi frá Fjölskylduráði 24.1.2024 þar sem óskað var eftir afstöðu Völsungs til Mærudaga.

Aðalstjórn er til í að ræða útfærslu á sölutjöldum niðri á bryggju. Framkvæmdastjóra falið að að svara erindinu í samræmi við umræður á fundinum.

6. 17. júní hátíðarhöld á Húsavík

Völsungi barst erindi frá Fjölskylduráði 1.2.2024 þar sem óskað var eftir afstöðu Völsungs til þátttöku við viðburði.

Framkvæmdastjóra falið að heyra í deildum og kanna hvort þau sjái fyrir sér að hafa viðburði.

7. Gólf og stúka í íþróttahöllina

Miðvikudaginn 31.1.2024 bars Völsungi fyrirspurn varðandi gólf og stúku í íþróttahöllinni á Húsavík. Hafin er undirbúningsvinna við að endurnýjun.

Framkvæmdastjóra falið að heyra í blakdeildinni og svara erindinu í framaldi af því.

8. Viðhald og fjárfestingar á sviði íþrótta- og æskulýðsmála

Aðalstjórn fól framkvæmdastjóra að leita til deilda félagsins varðandif yrirspurn Fjölskylduráðs. Fyrir fundinum liggur listi frá deildum félagsins.

Framkvæmdastjóra falið að senda listann inn með þeim verkum sem snúa að framkvæmdum og viðhaldi.

9. Erindi frá nýstofnuðu pílufélagi á Húsavík

31.1.2024 bars aðalstjórn Völsungs erindi frá nýstofnuðu pílufélagi á Húsavík. Það er ósk félagsins að koma undir almenningsíþróttadeild félagsins.

Aðalstjórn samþykkir stofnun píludeildar innan almenningsíþróttadeildar.

Fundi slitið: 18:35